

- 2) að veita einstaklingum, stofnunum og atvinnufyrirtækjum upplýsingar og ráðgjöf varðandi hugverkaréttindi í iðnaði.
- 3) að stuðla að því að ný tækni og þekking sem felst í skráðum hugverkaréttindum verði aðgengileg almenningi.

3. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru gjöld samkvæmt ákvæðum reglugerða sem settar eru á grundvelli laga um hugverkaréttindi á sviði iðnaðar og önnur hliðstæð þjónustugjöld.

4. gr.

Iðnaðarráðherra skipar forstjóra Einkaleyfastofu og er hann jafnframt vörumerkjaskrárritari.

Forstjóri stýrir stofnuninni, ræður starfslið og ber ábyrgð á fjárreiðum hennar.

5. gr.

Stofnunin gefur m.a. út:

- 1) rit fyrir lögboðnar birtingar og tilkynningar varðandi vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar,
- 2) framlagðar einkaleyfisumsóknir og skráð einkaleyfi,
- 3) ársyfirlit um skráð hugverkaréttindi og breytingar á þeim,
- 4) leiðbeiningar um frágang umsókna á hverju verndarsviði.

Stofnunin gerir ársyfirlit til Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO) varðandi hugverkaréttindi á sviði iðnaðar.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. og 69. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi og 12. og 46. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki, sbr. lög nr. 31/1984.

Reglugerðin öðlast gildi 1. júlí 1991.

Iðnaðarráðuneytið 24. apríl 1991.

Jón Sigurðsson.

Björn Friðfinnsson.

REGLUGERÐ

**um sérstök togveiðisvæði við SA-ströndina samkvæmt lögum
nr. 38, 15. maí 1990.**

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c.-liðar 3. gr. laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, er skipum styttri en 32 metrar (mesta lengd) og búin eru aðalvél 650 hestöflum og minni heimilt að stunda veiðar með botnvörpu utan 3ja sjómílna frá fjörumarki meginlandsins á svæði sem að austan markast af línu, sem dregin er réttvísandi austur frá Hvítungum. Að vestan markast svæðið af línu, sem dregin er réttvísandi 150° frá punkti 64°10'8 N og 15°42'6 V.

Heimild þessi gildir frá og með 1. maí til og með 15. maí 1991.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 21. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990 um stjórn fiskveiða, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. apríl 1991.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

**um (9.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja,
afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988.**

1. gr.

1. ml. 2. mgr. 53. gr. orðist svo:

Við afgreiðslu lyfja frá lyfsölu heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa skv. ákvæðum 4. gr. reglugerðar nr. 27/1983, um staðsetningu lyfjabúða og lyfjaútibúa, sbr. breytingu frá 11. apríl 1991, skal í öllu fylgja ákvæðum þessarar reglugerðar.

2. gr.

66. gr. orðist svo:

Lyfjafræðingi er heimilt að afhenda minnstu pakkningastærð lyfseðilsskylds, staðlaðs lyfs án lyfseðils í undanteknigartilvikum, þegar ekki næst til læknis, enda telji lyfjafræðingur brýna ástæðu til að verða við slíkri beiðni. Viðtakandi verður að greiða lyfið að fullu og staðfesta móttöku þess með undirritun (nafn og kennitala). Lyfjafræðingur sendir landlækni útfyllt símalyfseðilseyðublað (sbr. viðauka 2 við þessa reglugerð), sem á er ritað/stimplað orðið lyfseðilsafrit (sbr. 37. gr.) til staðfestingar á slíkri afgreiðslu.

Ákvæði þetta nær ekki til ávana- og fíknilyfja, sbr. IV. kafla þessarar reglugerðar.

3. gr.

66. gr. verður 67. gr.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. og 17. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 11. apríl 1991.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.